

Flateyri, 8 September 2020

Ísafjarðarbær  
Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri  
Daníel Jakobsson, formaður bæjarráðs

Á síðasta stjórnarfundum Nemendagarða Lýðskólans á Flateyri var ákveðið að hefja undirbúning að byggingu nýrra nemendagarða fyrir skólann. Í byggingarnefnd voru skipaðir Egill Ólafsson og Runólfur Ágústsson ásamt því að ákveðið var að óska eftir tilnefningu frá Ísafjarðarbæ í nefndina og var Stefaniú Ásmundsdóttur falið að ræða þá tilefningu við bæjarstjóra. Skal nefndin vinna með skólastjóra að framgangi málsins. Til vara voru skipuð þau Óttar Guðjónsson og Kristín Pétursdóttir.

Í kjölfarið hefur verið rætt við Félags- og húsnæðismálaráðuneytið um málið sem og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og hefur það fengið jákvæðar undirtektir. Stefnt er á undirritun viljayfirlýsingar í þeim efnum við setningu skólans þann 19. september nk.

Samkvæmt reglum HMS um stofnframlög eru þau almennt 34% af framkvæmdakostnaði nemendagarða, 22% frá ríki en 12% frá sveitarfélagi. Heimilt er að hækka stofnframlag á svæðum þar sem mikill munur er á markaðsverði og byggingarverði íbúða og er gert ráð fyrir að slíkt gildi um Flateyri. Endanlegt stofnframlag ríkis er því óvísst, en mótframlag sveitarfélags fast.

Í ljósi ofangreinds, er þess óskað að Ísafjarðarbær samþykki viljayfirlýsingu um byggingu Nemendagarða með félaginu, ráðuneytinu og HMS. Í því felist almennur vilji bæjarins til greiðslu 12% af byggingarkostnaði í stofnframlag. Innifalið í þeirri hlutdeild verði gatnagerðargjöld.

Virðingarfyllt,

Fh. Nemendagarða Lýðskólans á Flateyri

Egill Ólafsson, formaður

